



Náttúruverndarsamtök Íslands

Iceland Nature Conservation Association

Reykjavík, 13 júní 2022

Tillaga til þingsályktunar

- um vistmorð.

[Dagens Nyheter](#) í Stokkhólmi sagði frá því 29. maí sl. að Evrópuþingið vilji að öll aðildarríki styðji hugmyndina um að vistmorð – morð á lífríkinu – verði skilgreint sem brot á alþjóðalögum. Æ fleiri ríki hafa lýst stuðningu sínum við þessa kröfu.

Í sömu frétt Dagens Nyheter segir frá ræðu Olofs Palme á fyrsta þingi Sameinuðu þjóðanna um umhverfismál, UN Conference on the Human Environment. Þar sagði hann: „Vistmorð, dráp á umhverfinu, kallar á aðgerðir af hálfu alþjóðasamfélagsins.

Belgía, eyþjóðirnar Samóa, Vanatu og Maldiveyjar og forseti Frakklands hafa lýst stuðningi sínum við að vistmorð verði flokkað sem brot gegn alþjóðalögum. Það hefur einnig Antonio Guterres, aðalritari Sameinuðu þjóðanna, gert, auk fjölda samtaka, þar á meðal sænska kirkjan.

Náttúruverndarsamtök Íslands styðja eindregið þingsályktunartillögu Andrésar Inga og fleir um að

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja tillögu fyrir þing aðildarríkja Alþjóðlega sakamáladómstólsins um að vistmorð verði viðurkennt í Rómarsamþykktinni sem brot á alþjóðalögum sem falli undir lögsögu dómstólsins, og jafnframt að leggja fram á Alþingi frumvarp til laga um að vistmorð verði bannað að landslögum.“

Framtíð fjölda láglandra eyríkja er í húfi vegna hækkunar sjávarborðs. Framtíð Íslands er í húfi því Norður Atlantshaf súrnar æ hraðar. Lífræn þrávirk efni, plast og önnur mengun eru skýr ógn við framtíð fiskveiðiþjóða.

Tíminn er skammur

Virðingarfyllst,

F.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands

Árni Finnsson

Árni Finnsson